



Reykjavíkurborg: Reglur um afslátt af fasteignargjöldum



Reglur um afslátt af fasteignagjöldum

Fjármálastofa Reykjavíkurborgar ákvarðar breytingar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi elli- og örorkulífeyrisþega eftir yfirferð skattframtala.



Skilyrði lækunar eru að:

- viðkomandi sé elli- eða örorkulífeyrisþegi,
- viðkomandi eigi lögheimili í eigninni,
- viðkomandi sé þinglýstur eigandi að eigninni,
- viðkomandi geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekju- og eignaskatt.
- Einungis er veitt lækkun vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.



Borgarráð ákvað að tekjumörk vegna lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds á árinu 2019 séu eftirfarandi:

100% lækkun (A100)

Einstaklingur með tekjur allt að 4.090.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 5.710.000 kr.



80% lækkun (A80)

Einstaklingur með tekjur á bilinu 4.090.000 til 4.690.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 5.710.000 til 6.340.000 kr.



50% lækkun (A50)

Einstaklingur með tekjur á bilinu 4.690.000 til 5.450.000 kr.

Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 6.340.000 til 7.580.000 kr.



Við álagningu fasteignagjalda í janúar 2019 var afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðabirgða miðaður við allar tekjur ársins 2017. Þegar álagning Ríkisskattstjóra vegna tekna ársins 2018 liggur fyrir er afsláttur af fasteignaskatti og fráveitugjaldi endanlega ákvarðaður.

